

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Fáskrúðsfjörður verði gjörður að póstafgreiðslustað. 54

18. maí

Í brjefi til stjórnarráðsins, dags. 7. þ m., hafid þjer, herra póstmeistari, með skirskotun til brjefs yðar til landshöfðingja, dags. 18. desbr. f. á., lagt það til, að Fáskrúðsfjörður verði gjörður að póstafgreiðslustað frá 1. næsta mánaðar að telja.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, til frekari aðgjörða, að stjórnarráðið fellst á þessa tillögu yðar.

Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suduramtínu og Vestur- 55

5. maí

amtínu um endurgjald á kostnaði við heyrnar- og málleysingja.

Með brjefi, 15. jan. þ. á., hafid þjer, herra amtmaður, sent landshöfðingja til úrskurðar mál eitt, sem þjer og amtmaðurinn yfir Norðu- og Austuramtínu hafid ekki getað komið ykkur saman um, og er það svo vaxið, sem hjer greinir:

Á öndverðu ári 1895 mæltist sóknarpresturinn að Mælifelli í Skagafirði til þess í brjefi til amtmannsins yfir Norður- og Austuramtínu, að heyrnar- og málleysingjakennsla fengist handa stúlkubarni einu í sóknum hans, Halldóru Steinunni Andrjesdóttur á Reykjavöllum í Lýtingsstaðahreppi, fæddri 1883, og sendi hann jafnframt vottorð frá hlutadeigandi hjeraðslækni um, að hún hefði svo sljóa heyrn og þaraf leiðandi lítinn andlegan þroska, að nauðsyn væri á, að hún nyti þessarar kennslu. Sendi amtmaður svo um sumarið 1895 mál þetta til stiptyfirvaldanna, en þá var vistum svo ráðstafað á heyrnar- og málleysingjaskólanum á Stóra-Hrauni, að stúlkan gat eigi komizt þar að fyren á árinu 1899, enda afgreiddu stiptyfirvöldin eigi mál þetta til landshöfðingja fyr en í febrúarmánuði það ár, og samþykkti landshöfðingi þá þegar að kostnaðurinn við kennslu stúlkunnar yrði greiddur úr landssjóði. Þetta var þegar tilkynnt hlutadeigendum, en þá skrifaði sóknarpresturinn að Mælifelli amtmanninum yfir Norður- og Austuramtínu, að stúlkunni hefði síðan 1895 farið nokkuð fram með heyrn og mál, og foreldrar hennar teldu ýms vandkvæði á því, að senda hana suður á skólann á Stóra-Hrauni. Útaf þessu skrifaði amtmaðurinn aptur nefnd um presti, og fól honum að tilkynna foreldrum stúlkunnar, að þar sem henni hafi verið veitt inntaka á tjeðan skóla, þurfi þau til þess að sleppa hjá ábyrgð útaf því að halda henni hjá sjer, að senda amtmanni vottorð læknis um heilsufar hennar, heyrn og málfæri, og færa sönnur á að sjeð verði um kennslu hennar á þann hátt, er stiptyfirvöldin telji nægilega tryggan. Mun þetta hafa orðið til þess, að stúlkan var send suður á skólann á Stóra-Hrauni og kom hún þangað 30. júlí 1899, en 31. ág. s. á. skrifaði forstöðumaður skólans stiptyfirvöld unum og fór þess á leit, að stúlka þessi væri tekin burt af skólanum og ráðstafað á annan hátt, afþviáð. kennsluadferð sú, er hann noti við heyrnar- og málleysingja, eigi alls ekki við stúlku þessa, og sendi hann jafnframt vottorð frá hjeraðslækninum á Eyrarbakka, þar sem hann kemst svo að orði, að hún hafi

1. dag júnímánaðar 1904.

55 bæði mál og að minnsta kosti nokkra heyrn og að hún eigi því ekkert erindi á skólann, en ætti miklu fremur að vera undir hendi einhvers eyrnalæknis. 5. maí Útaf þessu úrskurðar svo landshöfðingi 20. september s. á. að ekki geti komið til mála að hafa hana lengur á skólanum og að hún verði ekki skoduð öðruvísi en persóna, er eigi geti haft ofanaf fyrir sjer eða komizt til átt Haga sinna á eiginn kostnað og hún skuli afhendast sveitarstjórninni í Eyrarbakka- hreppi til meðferðar eptir því sem við á. Eptir að forstöðumanni skólans á Stóra-Hrauni hafði verið tilkynntur þessi úrskurður landshöfðingja, gjörði hann ráðstafanir til, að stúlkan væri send til átt Haga sinna og krafðist hann svo af Eyrarbakka- hreppi, að hann samkvæmt nefndum landshöfðingjaúrskurði greiddi sjer fyrir hönd framfærsluhrepps stúlkunnar áfallinn kostnað við flutning hennar á skólann, veru þar og flutning hennar þaðan til Reykjavíkur, alls 89 kr. 50 a, og greiddi Eyrarbakka- hreppur forstöðumanni skólans þegar upphæð þessa; krafðist tjeður hreppur þvínæst að Lýtingsstaðahreppur í Skagafjardarsýslu, framfærslusveit stúlku þessarar, endurgreiddi sjer þessa upphæð, en hann neitaði að gjöra það. Af nefndri upphæð eru 17 kr. 50 a. kostnaður við flutning stúlkunnar frá Stóra- Hrauni til Reykjavíkur og hefir þessi upphæð seinna verið dregin frá og skoduð sem annar fátækraflutningskostnaður. Ágreiningur er því nú aðeins um endurgreiðslu á kostnaðinum við flutning stúlkunnar á skólann og dvöl hennar þar, alls 71 kr. 75 a.

Þessa endurgjaldskrófu Eyrarbakka- hrepps teljið þjer rjettmæta og Lýt- ingsstaðahrepp skyldan til að greiða fjeð, þar sem hjer sje að ræða um löglega veittan fátækrastyrk samkvæmt nefndum úrskurði landshöfðingja 20. sept. 1899, þvíad engin ástæða sje til þess að skilja úrskurðinn á þá leið, að stúlkan skyldi aðeins skodast sem verandi á vegum hreppsins frá þeim degi, er úrskurðurinn var kveðinn upp.

Amtmaðurinn yfir Nordur- og Austuramtinu álltur hins vegar að hjer sje eigi um neinn fátækra- kostnað að ræða, með því að nefndur úrskurður lands- höfðingja 20. sept. 1899 geti aðeins gilt um kostnað við nefnda stúlku eptir að hann var kveðinn upp og eptir að byrjad var að fara eptir honum, og telur hann því að sá kostnaður, sem hjer er um að ræða, verði að skodast sem annar kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja, og hefir hann því eigi talið rjett að skylda Lýtingsstaðahrepp til að greiða hann.

Stjórnarráðið telur nú það rjettan skilning á þessu máli, að margnefndri stúlku hafi á löglegan hátt verið veitt inntaka á heyrnar- og málleysingjaskól- ann á Stóra-Hrauni á kostnað landssjóðs og að dvöl hennar þar hafi einnig ver- ið lögmæt þangað til úrskurður landshöfðingja 20. sept. 1899 var kveðinn upp, og að úrskurður þessi hins vegar eigi að skiljast svo, að stúlkuna skuli senda burt úr skólanum og hana þá fyrst beri að skoda sem persónu, er eigi geti haft ofan af fyrir sjer eða komizt til átt Haga sinna og því beri að afhenda sveitarstjórninni í Eyrarbakka- hreppi til meðferðar.

Með því nú kostnaður sá, sem hjer er um að ræða, verður eptir þessu eigi neinn fátækra- kostnaður, er Eyrarbakka- hreppi bar samkvæmt margnefndum

landshöfðingjaúrskurði að greiða fyrir hönd framfærsluhrepps stúlkunnar, er hjermeð úrskurðað, að Lýtingsstaðahreppi beri eigi að endurgjalda Eyrarbakka- hreppi hinar umræddu 71 kr. 75 au. 55
5. maí

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar og er jafnframt eptir ósk yðar endursent brjef það frá prestinum á Mælifelli, sem fylgdi ádurgreindu brjefi yðar.

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógeta um innheimtu á landsjóðstekjum. Með því að stjórnarráðið hefir íhyggju að koma tekjum landssjóðs á vöxtu frekar en hingað til hefir verið gjört, er því umhugað um, að allar greiðslur á tekjum landssjóðs gangi sem greiðast; er það því hjer með lagt fyrir yður, herra sýslumaður, að flýta innborgunum í landssjóð á gjöldum hans og greiða þau eins og fyrir er skipað í reglugjörð um opinber reikningsskil o. fl. 13. febrúar 1873, jafnóðum og þau verða innheimt. 56
20. maí

Sjerstaklega finnur stjórnarráðið ástæðu til að taka fram að því er snertir innheimtu á tolli af aðfluttum vörum, að sá kaupmaður, er fengið hefir frest á greiðslu á tolli samkvæmt fyrir mælum laga um tollgreiðslu 22. maí 1890, hann á að greiða toll þennan í peningum, en hefir ekki rjett til að greiða hann með ávísun á útlend verzlunarhús. Í öðru lagi tekur stjórnarráðið fram, að í seinni tíð hefir það komið fyrir hvað eftir annað, að neitað hafi verið að innleysa ávísanir, er lögreglustjórarnir hafa fengið fyrir tollgjöldum landssjóðs. Finnur stjórnarráðið því ástæðu til að leiða athygli lögreglustjóranna að því, að samkv. 2. gr. í tolllögum 8. nóv. 1901 á því að eins að taka gildar ávísanir til greiðslu á tolltekjum landssjóðs, að tollgreiðandinn sýni nægileg skilríki fyrir því, að ávísunin verði greidd. Hafi lögreglustjóri vanrækt þetta, verður hann sjálfur að bera ábyrgð á drættinum, en á hinn bóginn verður stjórnarráðið að taka fram, að engin önnur skilríki fyrir því að, ávísunin verði greidd, virðast nægileg, en að hlutaðeigandi tollgreiðandi afhendi lögreglustjóra vottorð frá þeim, er ávísunin er stýluð á, um að hann skuldbindi sig til að innleysa þær ávísanir, er tollgreiðandinn gefur út á hann til greiðslu á tollgjöldum, enda sje sá, sem innleysa á ávísunina, viðurkenndur sem áreiðanlegur borgunarmaður.

Auglýsing.

57

Með því að 1. þingmaður Eyfirðinga, landritari Kl. Jónsson r. af Dbr., hefir afsalað sjer þingmennsku með brjefi, dagsettu 6. þ. m., er hjermeð samkvæmt 54. gr. laga nr. 18 frá 3. október 1903 um kosningar til alþingis fyrirskipað, að kosning skuli fram fara 10. september næstkomandi á þingmanni í stað herra Kl. Jónssonar fyrir þann þingmennskutíma, er hann átti eptir. 24. maí